

Dómstóll ÍSÍ kom saman mánudaginn þann 2. júlí 2001. Mættur var formaður dómsins Gunnar Guðmundsson.

Fyrir var tekið málið nr. 2/2001:

**Heilbrigðisráð ÍSÍ
gegn
Lýði Vignissyni 210580-5819**

Dóminum hefur borist ákæra dags. 14. júní 2001 frá Heilbrigðisráði ÍSÍ á hendur Lýði Vignissyni leikmanni með körfuknattleiksliði Hauka. Í beinu framhaldi óskaði dómsformaður Dómstóls ÍSÍ, með bréfi dags. 18. júní sl., eftir frekari gögnum og rökstuðningi hvers vegna málið heyrir undir dómstólinn. Svar barst frá lögmanni sóknaraðila dags. 25. júní sl. ásamt gögnum. Umbeðinn rökstuðningur sóknaraðila barst með bréfi dags. 27. júní sl.

Eftirfarandi skjöl hafa verið lögð fram í málinu:

Nr. 1 Bréf sóknaraðila dags. 14.6.2001

Nr. 2 Ákæra dags. 14.6.2001

Nr. 3 Greinargerð dags. 12.6. 2001

Nr. 4 Bréf dómsformanns dags. 18.6. 2001

Nr. 5 Bréf lögmanns sóknaraðila dags. 25.6.2001

Nr. 6 Bréf lögmanns sóknaraðila dags. 27.6.2001

Sams konar ákæra hafði áður verið gefin út gegn sama leikmanni þann 25. apríl 2001. Málið var þá höfðað fyrir dómstól samkvæmt reglugerð um lyfjaeftirlit. Dómur féll í málinu 2. maí 2001.

Framangreindur dómstóll var fyrsta dómstig í lyfjamálum samkvæmt reglugerð um lyfjaeftirlit. Dómur féll áður en ný lög um dómstóla Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands tóku gildi. Dómstóll ÍSÍ er hliðsettur dómstóll framangreindum dómstól samkvæmt reglugerð um lyfjaeftirlit. Af þeim sökum verður mál Heilbrigðisráðs ÍSÍ gegn Lýði Vignissyni ekki tekið til dómsmeðferðar hjá Dómstóli ÍSÍ og er málinu því vísað frá dómi.

Úrskurðarorð:

**Máli Heilbrigðisráðs ÍSÍ gegn Lýði Vignissyni samkvæmt ákæru
dags. 14. júní 2001 er vísað frá dómi.**

Gunnar Guðmundsson (sign)